

Marteinn Lúther og siðbótin

Verkefni fyrir fermingarbörn á vefnum
Luther.is

Til fræðarans: Hér eru nokkrar hugmyndir sem hægt er að vinna í hverjum kafla. Hvert verkefni er hægt að vinna sjálfstætt. Hægt er að búa til hópa sem leysa verkefnin í sameiningu eða leyfa fermingarbörnum að vinna þau hvert og eitt. Svörin við spurningunum koma öll fram á vefsíðunum og í myndböndunum sem fylgja.

1. Kafli Ævi og starf:

Skoðið vefsíðuna vandlega og hlustið á viðtölin.

Af hverju var hann látinn heita Marteinn?

Hvers vegna kom Marteinn Lúther til Erfurt?

Hvers vegna fór hann í klaustur og helgaði trúnni líf sitt?

Hvernig mynduð þið lýsa því hvernig var að lifa í klaustri?

Hvaða viðburði er oft lýst sem upphafi siðbótarinnar?

Hvað heitir borgin sem Lúther bjó í lengstan hluta ævinnar?

Hvers vegna var Lúther gerður útlægur og réttdræpur í ríkinu?

Lúther var lengi í felum í kastalanum í
Wartburg. Hvað fékkst hann aðallega við á
meðan á því stóð?

Hvað er sagt um myndir og stytur í
kaflanum?

Eiginkona Lúthers hét Katrín og var nunna
áður en hún gekk í hjúskap. Hvers vegna var
merkilegt að nunna og munkur giftu sig?

2. Kafli Biblían:

Skoðið vefsíðuna vandlega og hlustið á viðtölin.

Hvaða máli skiptir Biblían fyrir kristið fólk, að áliti Marteins Lúthers?

Lúther var prófessor og kenndi í háskólanum í Wittenberg. Í hverju var hann sérfræðingur?

Lúther þýddi Biblíuna úr hebresku og grísku yfir á móðurmál sitt, þýsku. Áður tíðkaðist ekki að lesa Biblíuna á móðurmálinu heldur á latínu, sem var opinbert tungumál kirkjunnar. Hver vegna var mikilvægt að Biblían væri gefin út á móðurmáli fólksins?

Í hvaða tvo hluta skiptist Biblían?

Á hvaða tungumáli er Nýja testamentið skrifað?

Hver þýddi Nýja testamentið á íslensku fyrstur manna?

Hvenær kom Nýja testamentið fyrst út á íslensku?

Hver er höfuðpersónan í Nýja testamentinu?

Hvað er mikilvægast að hafa í huga þegar
einhver les Biblíuna, að mati Lúthers?

3. Kafli Kirkjan:

Skoðið vefsíðuna vandlega og hlustið á viðtölin.

Hvað þýðir "siðbót"?

Hvað er kirkjan? Settu þig í spor siðbótarmannanna þegar þú svarar þessari spurningu.

Hver eru sakramenti siðbótarkirkjunnar?

Altaristaflan í Borgarkirkjunni í Wittenberg skiptist í fjóra hluta. Hvað er sýnt á hverjum hluta?

Hvað er líkt og hvað er ólíkt með heilagri kvöldmáltíð (altarisgöngu) á myndinni og því sem þú þekkir úr kirkjunni þinni?

Hverju tekur þú eftir í myndinni um skírnina - er eitthvað skrítið þar?

Hvað eru skriftir?

Hvað táknað lykillinn á myndinni um skriftirnar?

Um hvað snýst prédikun Lúthers (á hvað bendir hann á altarisöflunni?)

Hvað tákna hvít klæði Jesú, sem eiga að blakta í vindi?

Hvernig samfélag er lúthersk kirkja (kirkja sem kennir sig við Marteín Lúther)?

4. Kafli Myndir:

Veldu tvær ljósmyndir á vefnum sem þér finnst minna þig á trúna og skrifaðu um þær 50-100 orð hver.
